

128

22. sept.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 53 12. apríl 1959 fyrir Reykjavíkflugvöll,
umferð, öryggi o. fl.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar, um lágmark skýjahæðar og skyggnis, falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir og lögum nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1961.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

129

23. sept.

AUGLÝSING

um umferð í Garðahreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Garðahrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaптúninu skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958.

1. Einstefnuakstur.

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur á eftirtöldum götum: Aratúni, Faxatúni og Goðatúni frá húsinu nr. 5 við þá götu. Ekið er inn í göturnar að sunnanverðu.

2. Hámarkshraði.

Hámarkshraði hefur verið ákveðinn 35 km á klukkustund innan kaптúnsmarkanna. Á Reykjanesbraut gilda þó áfram reglur þær, sem settar eru í auglýsingu nr. 124/1960.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 23. september 1961.

Björn Sveinbjörnsson,
settur.